Sérnámssamningur er varðar 2ja ára skipulagt sérnám í bæklunarskurðlækningum.

Yfirlæknir ábyrgist að;
- útvega sérnámslækni leiðbeinanda.
- tryggja daglega klíníska handleiðslu og að allir læknar deildarinnar þekki til kennsluábyrgðar sinnar.

Sérnámslæknir ábyrgist að;
- sinna deildarvinnu, innskrift, móttöku og vöktum á bæklunarskurðlækningadeild.
- taka þátt í kennslu, leskúrsi, greinafundum og námskeiðum sem hafa þýðingu fyrir sérnámið.
- gera áætlun fyrir námið með leiðbeinanda, uppfæra og fylgja eftir.

HANDLEIÐSLA:
- Samvinna leiðbeinanda og sérnámslæknis byggir á gagnkvæmri virðingu.
- Handleiðsla fer fram reglulega á meðan á sérnámi stendur, a.m.k. einn fundur hvern fjórðung að frumkvæði sérnámslæknis.

NÁMSKEIÐ OG SJÁLFSNÁM:
Sérnámslæknir skal hafa möguleika á þáttöku í;
- sérstökum námskeiðum fyrir deildarlækna Landspítala (s.s. ATLS námskeiði) og fræðslufundum eða ráðstefnum tengdum sérgreininni.
- fræðsluþingi skurðlækna og tengdra sérgreina (Skurðlæknaþing).
- fræðsluþingi lækna almennt (Læknadagar).
- leiðtoganámskeiði.
- sjálfsnámi með lestri fagrita í 2 klst. á viku.

RANNSÓKNIR OG ÞRÓUN:
Sérnámslæknir skal hafa möguleika á að;
- vinna rannsóknar- og gæðaverkefni.
- þróa kennsluhæfileika sína við kennslu læknanema og annarra starfshópa.

Fyrri störf með handleiðslu sem telja til sérnáms:

SJÚKRAHÚS	SÉRGREIN	TÍMABIL	MÁNUÐIR

Reykjavík þann ____ / ____ ár 20_____

Sérnámslæknir	Yfirlæknir	Leiðbeinandi/kennslustjóri